


## Leiðbeiningar um notkun



## Vörulýsing

**Liko Original HighBack Sling er grunngerð sem er hönnuð til að lagast að sjúklingnum án einstaklingsbundinna stillinga og er eitt mest notaða seglið okkar.**

Það býður upp á lítilla hálf-hallandi sitjandi stöðu og framúrskarandi stuðning fyrir allan líkamann, sem er gott fyrir sjúklinga með minnkaðan stöðugleika bols. Rétt passandi og varlega notað segl veitir sjúklingnum framúrskarandi tilfinningu fyrir öryggi, ásamt miklum þægindum.

Einnig er mælt með Original HighBack Sling til að lyfta niður á eða upp af gólfi, þar sem það veitir þægilegan stuðning við höfuð, bæði í sitjandi og liggjandi stöðu.

### Stærðir

Original HighBack Sling er fánlegt í mismunandi stærðum. Mikilvægt er að velja rétta stærð til þess að ná hæsta stigi þæginda og öryggis. Segl sem er of stórt eykur hættuna á að sjúklingurinn renni út úr því, á meðan segl sem er of lítið getur skorist inn í nárann og valdið óþægindum.

Hvað varðar stærri segl gæti samsetning með TwinBar 670 verið góður kostur.

### Dúkar

Original HighBack Sling er fánlegt úr mismunandi dúkum. Þar sem OriginalSling er venjulega ekki skilið eftir undir sjúklingnum að flutningi loknum mælum við með pólýesterhönnuninni.

Þessi dúkur er endingargóður og hefur lága núningsmótstöðu sem auðveldar að beita seglinu og fjarlægja það.

Original HighBack Slinger einnig fánlegt úr net-pólýester. Mælt er með þessum dúk þegar seglið er skilið eftir á sínum stað eftir flutninginn eða þegar óskað er eftir valkosti sem meira loftar um.

Fyrir það og sturtu er fánleg hönnun úr plasthúðuðu neti sem hleypir vatni í gegnum sig og auðvelt er að þerra. Þetta efni þornar hratt og kælir ekki sjúklinginn á sama hátt og rakur, gleypinn dúkur myndi gera.

Ef þú kýst segl úr þéttu, þerranlegu efni, er einnig hægt að fá segl úr plasthúðuðum dúk.

Lyftiolar seglsins eru alltaf gerðar úr endingargóðu pólýester.

### Stoðir fyrir fótleggi

Original HighBack Sling er fánlegt með stoðir fyrir fótleggi í mismunandi útgáfum. Algengasta er styrktar sstoðir fyrir fótleggi. Styrkingin veita mikil þægindi, dreifir þrýstingi og kemur í veg fyrir að seglið krumpist undir lærunum.

Ein útgáfan er úr einföldum dúk án styrkingar á stoðinni fyrir fótleggi, sem gerir seglið eftirgefánlegra og auðveldara í umhirðu.

*Í þessu skjali er manneskjan sem verið er að lyfta kölluð sjúklingurinn og manneskjan sem hjálpar henni er kölluð umönnunaraðilinn.*

### MIKILVÆGT!





















Lyfting og flutningur á sjúklingi felur alltaf í sér ákveðna áhættu. Lestu leiðbeiningarnar fyrir bæði sjúklingalyftarann og lyftingaraukabúnað fyrir notkun. Mikilvægt er að skilja til fullnustu innihald leiðbeininganna fyrir notkun. Eingöngu þjálfað starfsfólk á að nota búnaðinn. Gakktu úr skugga um að lyftingaraukabúnaður henti fyrir lyftarann sem verið er að nota. Auðsýndu gætni og varúð meðan á notkun stendur. Sem umönnunaraðili berð þú ávallt ábyrgð á öryggi sjúklingsins. Þú verður að vera meðvitaður/meðvituð um getu sjúklingsins til að takast á við lyftiaðstæðurnar. Ef eitthvað er óskýrt skaltu hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

# Efnisyfirlit

Lýsing tákns .....	3
Öryggisleiðbeiningar .....	4
Umhirða og viðhald .....	5
Skilgreiningar .....	5
Hvernig tengja á segl við mismunandi herðatré .....	6
Hvernig tengja á Original HighBack Sling við herðatré með 4 krókum (tvíslár og krossslár) .....	7
Lyft úr sitjandi stöðu .....	8
Lyft í sitjandi stöðu .....	9
Seglið fjarlægt í stól/hjólástól .....	9
Lyft úr rúminu .....	10
Seglið sett á þegar legið er í rúmi .....	10
Seglið sett á þegar setið er í rúmi .....	10
Lyft upp í rúmið .....	11
Seglið fjarlægt þegar sjúklingurinn liggur í rúmi .....	11
Seglið fjarlægt þegar sjúklingurinn situr í rúmi .....	11
Lyft af gólfinu .....	12
Lyft niður á gólf .....	12
Heilræði þegar klætt er .....	13
Mismunandi sitjandi stellingar .....	13
Mismunandi leiðir til að tengja stuðning við fótleggi .....	13
Sjúklingurinn situr ekki vel í seglinu – Hvers vegna er það? .....	14
Styttingarstaða .....	14
Fylgihlutir .....	14
Yfirlit Liko Original HighBack Sling, Gerð 200, 210 .....	15
Samsetningar .....	15

## Lýsing tákns

Þessi tákn er að finna í þessu skjali og/eða á vörunni.

Tákn	Lýsing
	Viðvörðun. Notað þar sem þörf er á sérstakri aðgát og umhyggju.
	Lestu notkunarleiðbeiningarnar fyrir notkun
	CE-merki
	Löglegur framleiðandi
	Framleiðsludagsetning
	Tilvísunarnúmer
	Raðnúmer
	Lækningabúnaður
	Ekki þurrhreinsa
	Ekki strauja
	Þurrkun í þurrkara
	Ekki vinda
	Þvottur Táknið er alltaf í samsetningu með ráðlögðu hitastigi í °C og °F.
	Án latex
	Reglubundin skoðun
	Engin bleikiefni
	Látið þorna á snúru í skugga
	Snýr upp á við og tákn utan á búnaði.
	Tákn utan á búnaði.
	GS1 Gagnafylkisstrikamerki sem kann að innihalda eftirfarandi upplýsingar. (01) GTIN-númer (e. Global Trade Item Number) (11) Framleiðsludagsetning (21) Raðnúmer

# Öryggisleiðbeiningar

## **Áður en þú lyftir skaltu hafa eftirfarandi atriði í huga:**

- Ábyrg manneskja innan þinnar stofnunar ætti að ákveða á grundvelli hvers tilviks fyrir sig hvort þörf er á einum eða fleiri umönnunaraðilum.
- Tryggleið að valið segl mæti þörfum sjúklingsins með tilvísun til gerðar, stærðar, dúks og hönnunar.
- Af öryggis- og hreinlætisástæðum skal nota sérstök segl fyrir hvern sjúkling.
- Áður en þú lyftir skaltu skipuleggja lyftiaðgerðina þannig að hægt sé að gera hana eins örugglega og hnökralaust og mögulegt er.
- Fyrir lyftingu skaltu athuga að fylgihlutur lyftingar hangi lóðrétt og geti hreyfst frjálsglega.
- Þrátt fyrir að Liko-herðatré séu búin krækjum verður að sýna sérstaka varúð. Áður en sjúklingnum er lyft af undirliggjandi fleti, en þegar ólarnar hafa verið teygðar út til fulls, skal ganga úr skugga um að ólarnar séu almennilega tengdar við króka herðatrésins.
- Gættu þess að sjúklingurinn sitji örugglega í seglinu áður en hann er fluttur á annan stað.
- Aldrei skal lyfta sjúklingi hærra upp af undirliggjandi fleti en nauðsynlegt er til að ljúka verklagi við lyftingu og flutning.
- Aldrei skilja sjúkling eftir án eftirlits meðan á lyftivinnu stendur!
- Gakktu úr skugga um að hjólin á hjólastólnum, rúminu, sjúkravagninum, o.s.frv., séu læst meðan á lyftingu/flutningi stendur.
- Alltaf skal vinna vinnuvistfræðilega. Notaðu getu sjúklingsins til að taka virkan þátt í aðgerðunum.
- Þegar ekki er verið að nota seglið skal ekki setja það í beint sólarljós.
- Það er ráðlagt að fjarlægja seglið þegar flutningi er lokið. Ef það er einhverra hluta vegna æskilegt að skilja seglið eftir eftir flutning er mælt með notkun segls úr net-pólyester.

## **Röng festing á segli við herðatré getur valdið miklu líkamstjóni hjá sjúklingnum.**

## **Að snúa sjúklingi með höndum í rúmi getur skaðað umönnunaraðilann.**

 Lækningatæki í flokki 1 Vara

**EINKALEYFI [www.hillrom.com/patents](http://www.hillrom.com/patents)**

**Getur verið varið með einu eða fleiri einkaleyfum. Sjá veffang hér að ofan.**

Hill-Rom-fyrirtækin eru eigendur evrópskra, bandarískra og annarra einkaleyfa og einkaleyfisumsókna í bið.

### **Design and Quality by Liko in Sweden**

Liko-vörurnar eru í stöðugri þróun, þess vegna áskiljum við okkur rétt til að gera breytingar á vöru án fyrirvara. Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá ráðleggingar og upplýsingar um uppfærslu á vörum.

### **Tilkynning til notenda og/eða sjúklinga innan ESB**

Öll alvarleg atvik sem hafa átt sér stað í tengslum við búnaðinn, skal tilkynna framleiðandanum og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem notandinn/sjúklingurinn býr.

## Umhirða og viðhald

Athugaðu seglið fyrir hverja notkun. Athugaðu eftirfarandi atriði með tilliti til slits og skemmda:

- Dúkur
- Ólar
- Saumar
- Upphengilykkjur

### ⚠ Notaðu ekki skemmdan aukabúnað fyrir lyftingar.

Ef eitthvað er óskýrt skaltu vinsamlegast hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

**Ef seglið er notað fyrir það eða sturtu:** Eftir notkun í baði og sturtu ætti að setja seglið þar sem það þornar eins fljótt og mögulegt er.

**Þvottaleiðbeiningar:** Vinsamlegast sjá vörumerkimiða seglsins og viðhengdan viðauka „Umhirða og viðhald á Liko-seglum“.

### Reglubundin skoðun

Vöruna þarf að skoða að lágmarki á sex mánaða fresti. Hugsanlega er þörf á tíðari skoðunum ef vörur eru notaðar eða þvegnar oft en vanalega. Sjá verklýsingu Liko „Reglubundin skoðun á Liko textílvörum“. Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá verklýsingar.

### Væntanlegur endingartími

Væntanlegur endingartími vörunnar er 1-5 ár meðan á eðlilegri notkun stendur. Væntanlegur endingartími er breytilegur eftir dúk, notkunartíðni, aðferð við þvott og borinni þyngd.


### Leiðbeiningar um endurvinnslu


Alla hluti vörunnar, þ.m.t. stoðir, hlífðarefni o.s.frv. skal flokka sem brennanlegan úrgang.

Hill-Rom metur og býður upp á tilsögn fyrir notendur sína um örugga meðhöndlun og förgun á búnaði sínum til að aðstoða við að koma í veg fyrir líkamstjón, þar með talið, en ekki takmarkað við: skurði, stungur á húðinni, skrámur, og alla hreinsun og sóttgreinsun á lækningabúnaðinum sem þörf er á eftir notkun og fyrir förgun. Viðskiptavinur skulu fara eftir öllum alríkis-, ríkis-, svæðis- og/eða staðarlögum og reglugerðum varðandi örugga förgun á lækningabúnaði og aukabúnaði.
















Ef notandi búnaðarins er í vafa skal hann fyrst hafa samband við tækniþjónustu Hill-Rom til að fá leiðbeiningar um örugga aðferð við förgun.

## Skilgreiningar




1. Merkimiði vöru
2. Merkimiði: Framleiðsluár og mánuður (  )
3. Merkimiði: Raðnúmer (S/N)
4. Merkimiði: Einstaklingsmerking (Belongs to)
5. Merkimiði: Reglubundið eftirlit
6. Efri ólarlykkja
7. Höfuðstuðningur með rimlum
8. Belti (stærð XS, S)
9. Handfang
10. Stoðir við fótleggi
11. Styttingarstaða
12. Lykkja stoðar fyrir fótleggi
13. Neðri brún
14. Bakól í miðju
15. Stærðarmerking





## Hvernig tengja á segl við mismunandi herðatré

Herðatré	Segllykkjur við króka herðatrés	Rétt
 <p data-bbox="193 499 357 533">SlingGuard™</p>		
 <p data-bbox="213 790 336 824">Universal</p>		
 <p data-bbox="161 1070 392 1104">SlingGuard™ Twin</p>		
 <p data-bbox="177 1368 373 1402">Universal Twin</p>		
 <p data-bbox="221 1671 328 1704">Krossslá</p>		

### Rangt!




# Hvernig tengja á Original HighBack Sling við herðatré með 4 krókum (tvíslár og krossslár)

 <p>A Efri ólarlykkjur</p> <p>B Lykkja stoða fyrir fótleggi</p>	<p>1.</p> 
<p>2.</p> 	<p>3.</p>  <p>Teikningarnar 1, 2 og 3 sýna tvíslá en þetta á einnig við um krossslá.</p>


## Lyft úr sitjandi stöðu

Nota ætti tvo umönnunaraðila til að koma seglinu fyrir í samræmi við vinnuvistfræðilegar meginreglur. Sjúklingnum er venjulega hallað fram á meðan á notkun standur og þá er mikilvægt að umönnunaraðili standi fyrir framan sjúklinginn til að koma í veg fyrir að hann/hún detti fram fyrir sig.




Settu seglið aftur fyrir bak sjúklingsins með vörumerkimiðann út. Brjóttu neðri brún seglsins utan um fingurgómana til að auðvelda að stýra seglinu á sinn stað.

Ýttu neðri brún seglsins með lófnum niður að rófubeini sjúklingsins. **Þetta er mjög mikilvægt. Ábending:** Greitt er fyrir réttri staðsetningu ef sjúklingurinn hallar sér/er hallað aðeins fram á við.



Togaðu stoð fyrir fótleggi á seglinu fram á við meðfram utanverðum lærum sjúklingsins. Settu lófann á milli líkama sjúklingsins og seglsins og þrýstu neðri brún stoðar fyrir fótleggi niður í átt að sætinu. Um leið skaltu toga stoð fyrir fótleggi fram með hinni hendinni til að strekkja hana.


Togaðu stoðir fyrir fótleggi fram á við til að slétta úr öllum hrukkum aftan á. Athugaðu að stoðir fyrir fótleggi standi jafn langt út báðum megin. **Ábending:** Ef haldið er varlega undir hnéskelina er auðveldara að toga stoðir fyrir fótleggi fram á við.



Settu stoð fyrir einn fótlegg inn undir hvort læri. Gakktu úr skugga um að dúkurinn liggja flatur og að hann nái almennilega utan um fótlegginn. **Ábending:** Greitt er fyrir notkun stoða fyrir fótleggi ef fótleggjum sjúklingsins er aðeins lyft frá sætinu. Þetta er hægt að gera með því að setja fætur sjúklingsins á fótskemlana eða á þinn eigin fótlegg, eins og sýnt er.

Undirbúðu tengingu stoðar fyrir fótleggi. Algengasta leiðin til að nota seglið er með krosslögðum stoðum fyrir fótleggi. Varðandi aðrar aðferðir, sjá síðu 13.






**Ábending:** Athugaðu að allar upphengilykkjur séu af sömu lengd, þ.e. séu í sömu hæð þegar teygt er á þeim fyrir lyftingu. Stilltu stöðu seglsins ef þær eru ekki í jafnri hæð.

Tengdu fyrst efri ólarlykkjurnar við króka herðatrésins síðan lykkjur stuðnings fyrir fótleggi. Sjá síður 6-7 til að fá leiðbeiningar um hvernig eigi að tengja segglykkjurnar við mismunandi herðatré. Lyftu sjúklingnum.

## Lyft í sitjandi stöðu

Þegar sjúklingur er settu í hjólastól er mikilvægt að sjúklingurinn komist nægilega langt aftur í stólnum til að sitja vel. Þessu er hægt að áorka á nokkra vegu.



**Þegar sjúklingur er settur í hjólastól:**  
Hallaðu stólnum aftur á við meðan sjúklingurinn er látinn síga. Láttu rasskinnarnar renna niður stólbakið meðan á síðasta hluta þess stendur. Stjórnaðu hallahorni hjólastólsins með fótinn á veltislánni.

**Valkostur:** Beittu lítilsháttar þrýstingi undir hné sjúklingsins meðan á lækunarlotunni stendur, þannig að rasskinnunum sé stýrt aftur í átt að baki stólsins. Ef seglið er með handföng er hægt að stýra með þeim.  
**⚠ Notaðu ekki handföngin til að lyfta! Óhófligt álag á handföngin getur valdið því að seglið rifni.**

## Segl fjarlægð í stól/hjólastól

Við mælum með að seglið sé fjarlægð eftir flutninginn. Ef það er einhverra hluta vegna æskilegt að skilja seglið eftir í stólnum eftir flutning mælum við með notkun segls sem gert er úr net-pólýester.



Fjarlægðu stoð fyrir fótleggi varlega. Mildasta leiðin til þess er að toga út lykkjur stoðar fyrir fótleggi undir dúkhlutann á stoð fyrir fótleggi.


Fjarlægðu seglið með því að toga stoð fyrir fótleggi varlega upp.

## Lyft úr rúminu

Hægt er að beita seglinu á mismunandi vegu eftir stöðu sjúklingsins. Annaðhvort er því beitt með sjúklingsinn liggjandi í rúminu eða sitjandi í rúminu. Ef vönduð þrýstijöfnunardýna er notuð getur það verið til hagsbóta að blása hana upp eins og hægt er til að greiða fyrir notkun seglsins.


Mundu eftir þinni eigin vinnustöðu og þægindum sjúklingsins. Notaðu lækkunar- og hækkunaraðgerðir rúmsins. Góð vinnustaða næst þegar dýnan er í flútti við hnúa umönnunaraðilans þegar handleggjunum er haldið alveg niður. Leggja verður mat á hversu marga umönnunaraðila þarf fyrir aðgerðina í hverju tilfelli fyrir sig, en það fer eftir álaginu á umönnunaraðilann.

### Seglið sett á þegar legið er í rúmi



Snúðu sjúklingsnum á hliðina. Greitt er fyrir þessari aðgerð ef sjúklingsurinn sjálfur getur haldið áfram að grípa í handrið rúmsins á þeirri hlið sem á að snúa honum að. Settu brún seglsins í átt að baki sjúklingsins með neðri brúnina **slétta við rófubeinið**.

Brjóttu seglið þannig að „bakólin í miðjunni“ samsvari hrygg sjúklingsins. Athugaðu að uppábrotið nái yfir brún seglsins sem liggur inn að baki sjúklingsins til að draga úr núningsmótstöðunni. Snúðu sjúklingsnum varlega til baka og togaðu út seglið á hinni hliðinni. Með þessari tækni þarf aðeins að snúa sjúklingsnum einu sinni.



Settu stoðir fyrir fótleggi inn undir hvorn fótlegg. Þetta er best að gera með því að þrýsta stoð fyrir fótleggi niður á mótí dýnunnar um leið og hún er sett inn undir hnéð. Gakktu úr skugga um að dúkurinn liggja flatur og að hann nái almennilega utan um fótlegginn. Hægt er að tengja stoðir fyrir fótleggi á mismunandi vegu, sjá síðu 13.

Lyftu höfðalagi rúmsins. Tengdu fyrst efri ólarlykkjurnar við króka herðatrésins, síðan lykkjur stoðar fyrir fótleggi. Sjá síður 6-7 til að fá leiðbeiningar um hvernig eigi að tengja segglykkjurnar við mismunandi herðatré. Lyftu sjúklingsnum.

### Seglið sett á þegar setið er í rúmi


Lyftu höfðalagi rúmsins fyrir aftan sjúklingsinn. Leggðu seglið á rúmið þannig að vörumerkimiðið snúi niður að dýnunnar. Renndu seglinu niður fyrir aftan bak sjúklingsins þannig að neðri brúnin sé **slétt við rófubeinið**. **Ath.!** Greitt er fyrir fráganginum ef sjúklingsurinn hallar sér/er hallað fram á við.

## Lyft upp í rúmið

Við mælum með að seglið sé fjarlægt eftir flutninginn. Ef það er einhverra hluta vegna æskilegt að skilja seglið eftir í rúminu eftir flutning mælum við með notkun segls sem gert er úr net-pólýester.


Mundu eftir þinni eigin vinnustöðu og þægindum sjúklingsins. Notaðu lækunar- og hækkunaraðgerðir rúmsins. Góð vinnustaða næst þegar dýnan er í flútti við hnúa umönnunaraðilans þegar handleggjunum er haldið alveg niður. Leggja verður mat á hversu marga umönnunaraðila þarf fyrir aðgerðina í hverju tilfelli fyrir sig, en það fer eftir álaginu á umönnunaraðilann.

### Seglið fjarlægt þegar sjúklingurinn liggur í rúmi



Staðsettu sjúklinginn yfir rúminu. Lyftu höfðalaginu á rúminu til þæginda fyrir sjúklinginn. Láttu sjúklinginn síga niður í rúmið. Láttu höfðalagið síga.


Settu lykkjur stoðar fyrir fótleggi undir stoðir fyrir fótleggi á milli fóta sjúklingsins.



Gríptu í brún seglsins. Ýttu seglinu inn undir sjálf sig. Þrýstu seglinu niður að dýnunni og inn undir sjúklinginn.

Snúðu sjúklingnum varlega á hliðina. Gríptu seglið neðan frá og fjarlægðu það varlega.

### Seglið fjarlægt þegar sjúklingurinn situr í rúmi



Staðsettu sjúklinginn yfir rúminu. Lyftu höfðalaginu á rúminu til þæginda fyrir sjúklinginn. Láttu sjúklinginn síga niður í rúmið.


Fjarlægðu stoðir fyrir fótleggi með því að toga lykkjur stoðar fyrir fótleggi undir dúkhluta stoðar fyrir fótleggi. **Ábending:** Greitt er fyrir þessu ef fótleggir sjúklingsins eru beygðir.

Fjarlægðu seglið með því að toga aðra stoðina fyrir fótleggi aftur fyrir seglið og yfir á gagnstæða hlið.

## Lyft af gólfinu


Lyftingu upp af gólfinu með hreyfanlega Golvo lyftarann frá Liko er lýst hér að neðan. Sama tækni hentar einnig til að lyfta með hinum hreyfanlegu og kyrrstæðu lyfturum frá Liko. Lestu leiðbeiningahandbókina fyrir lyftarann fyrir notkun.

**Ábending:** Koddur undir höfuð sjúklingsins gæti verið þægilegur.



Snúðu sjúklingnum á hliðina og settu brún seglsins undir hann með neðri brúnina **slétta við rófubeinið**. Brjóttu seglið saman þannig að bakólin í miðjunni samsvari mænu sjúklingsins þegar honum/henni er varlega snúið aftur. Dragðu seglið varlega út frá hinni hliðinni.

Athugaðu að seglið liggja samhverft undir sjúklingnum; aðlagðu stöðuna ef nauðsyn krefur. Settu stöðir fyrir fótleggi undir fótleggina.




Sléttaðu út stöðir fyrir fótleggi undir fótleggjum sjúklingsins. Haltu stöðum fyrir fótleggi frá náranum til að koma í veg fyrir óþægindi fyrir sjúklinginn. Greitt er fyrir þessu ef sjúklingurinn beygir fótleggina. Sjá síður 6-7 til að fá leiðbeiningar um hvernig eigi að tengja segllykkjurnar við mismunandi herðatré.

Lyftu sjúklingnum upp af gólfinu. Hægt er að snúa sjúklingnum lítillega til að forðast að höfuð hans komi of nálægt gálganum.

**⚠ Hreyfanlegi lyftarinn ætti að vera læstur þegar lyft er með höfuð sjúklingsins upp við lyftarann.**


## Lyft niður á gólf



Þegar lyft er niður á gólf ættu hjól lyftarans ekki að vera læst. Þegar sjúklingurinn snertir gólfið ætti að toga lyftarann afturábak til að skapa pláss fyrir höfuðið. **Ábending:** Ef lyft er niður á þynnri leikfímimottu er hægt að ýta lyftarann inn undir mottuna þannig að mottan virki eins og mjúk vörn á milli lyftarans og sjúklingsins. Ef fjarlægja á seglið, sjá „Seglið fjarlæggt þegar sjúklingurinn liggur í rúmi“ á síðu 10.

# Heilræði þegar klætt er

## Mismunandi sitjandi stellingar



Liko Original HighBack Sling í **tveggja punkta upphengju** býður upp á lítillega hallandi sitjandi stöðu með framúrskarandi höfuðstuðningi og u.þ.b. 90 gráðu horn á mjaðmarliðnum.


Liko Original HighBack Sling í samsetningu með **TwinBar 670** býður upp á meiri breidd við axlirnar en við stoðir fyrir fótleggi, sem er hentugt ef sjúklingurinn er stór eða viðkvæmur gagnvart þrýstingi á axlirnar.

A. Í samsetningu með Liko **krossslá** næst aðeins meira hallandi staða og stærri horn. Fullkomnaðu með litlum koddum við hnakkann.

B. Í samsetningu með **SideBars** er boðið upp á lítillega meira hallandi stöðu og meiri breidd við axlirnar en við stoðir fyrir fótleggi, sem er hentugt ef sjúklingurinn er viðkvæmur gagnvart þrýstingi á axlirnar.

## Mismunandi leiðir til að tengja stoðir fyrir fótleggi

Áður en tengingarvalkostur er valinn ætti að framkvæma einstaklingsbundið mat til að sjá fyrir mögulega áhættuþætti. Eftirfarandi eru almennar ráðleggingar þar sem sömu meginreglur gilda um nokkrar gerðir segla.



### Krosslagðar stoðir fyrir fótleggi.

Algengasta leiðin til að beita seglinu. Önnur lykka stoðar fyrir fótleggi sett í gegnum hina áður en lykkjurnar eru tengdar við herðatréð.

### Skarast undir bæði læri.

Þetta kann að vera viðeigandi, til dæmis þegar verið er að lyfta sjúklingi sem misst hefur fótleggi. **Ábending:** Til að forðast að sitjandi staða sjúklingsins sé of hallandi er hægt að tengja framlengingarlykkjur við lykkjur stoðar fyrir fótleggi.


### Hvor stoð fyrir fótleggi tengd sérstaklega við herðatréð.

Þetta kann að vera viðeigandi þegar sjúklingum með sérstaklega viðkvæm kynfæri er lyft.

⚠ **Aukin hættu á að renna út.**

## Sjúklingurinn situr ekki vel í seglinu – Hvers vegna er það?

Eftirfarandi eru almennar ráðleggingar þar sem sömu meginreglur gilda um nokkrar gerðir segla.




**A. Hætta á að renna út.** Rasskinnarnar hanga niður. Seglið kann að vera of stórt. Það getur einnig verið vegna þess að seglið hefur ekki verið dregið nægilega niður bak sjúklingsins.

Fyrir lyftingu skal athuga að neðri brúnin sé teygð og að dúkurinn nái almennilega utan um fótleggina.

**B. Segl sem er of lítið** getur valdið því að stoðir fyrir fótleggi skerist inn í nárann, sem veldur óþægindum og að herðatréd sé of nálægt andlitinu og/eða bakinu til að fá nægilegan stuðning.

Neðri brún seglsins er í sömu hæð og rófubeinið. Stoðir fyrir fótleggi eru rétt staðsettar undir fótleggjunum.

## Styttingarstaða



Gerðir okkar af seglum eru vandvirknislega hannaðar til að tryggja að sjúklingurinn sitji alltaf með þrýsting vel dreifðan á milli fóta og bakhluta svo stuðningur meðan á flutningi stendur sé góður. Hins vegar getur það verið æskilegt, í ákveðnum tilfellum, að nota innri stillinguna, „styttingarstöðuna“, eða lykkju stoðar fyrir fótleggi til að breyta sitjandi stöðu sjúklingsins.


**Ath.:** Þetta á **ekki** við ef þú ert með eldri gerð af Original HighBack Sling, gerð 20/21, með eldri gerð af styttingarstöðu. Til að fá lýsingu á styttingarverklaginu fyrir gerð 20/21 skaltu vinsamlegast hafa samband við Hill-Rom til að fá leiðbeiningahandbókina fyrir þá gerð.

Í tilfellum þegar styttingarstaða er notuð mælum við með að þú tengir einnig ytri lykkju stoðar fyrir fótleggi við krók herðatrésins til að hafa betri sjónræna stjórn á lykkjunum.

## Fylgihlutir

Framlengingarlykkja, græn, 12 cm  
Framlengingarlykkja, græn, 22 cm  
Framlengingarlykkja, grá, 12 cm  
Framlengingarlykkja, grá, 22 cm

Vörunr . 3691102  
Vörunr . 3691103  
Vörunr . 3691302  
Vörunr . 3691303




- 2 = 12 cm  
- 3 = 22 cm

# Yfirlit Liko™ Original HighBack Sling, Gerð 200, 210

Vara	Vörunr.	Stærð	Þyngd sjúklings <sup>1</sup>	Hám. byrði <sup>2</sup>	
Original HighBack Sling	35200 - - 3	XS	Mjög lítil	15-20 kg	200 kg
Original HighBack Sling	35200 - - 4	S	Lítið (barn)	20-30 kg	200 kg
Original HighBack Sling	35210 - - 5	MS	Medium Slim (grannur fullorðinn)	30-50 kg	200 kg
Original HighBack Sling	35200 - - 5	M	Miðlungs	40-80 kg	200 kg
Original HighBack Sling	35200 - - 6	L	Stór	70-120 kg	200 kg
Original HighBack Sling	35200 - - 7	XL	Mjög stór	110-250 kg	500 kg
Original HighBack Sling	35200 - - 8	XXL	Mjög, mjög stórt	200- kg	500 kg

<sup>1</sup> Uppgefin þyngd sjúklings er aðeins til viðmiðunar – það kunna að vera frávik.

<sup>2</sup> Til að viðhalda hámarksbyrði er þörf á lyftara/fylgihlutum sem ætlaðir eru fyrir sömu byrði eða meiri.



## Ráðlagðar samsetningar

Ráðlagðar samsetningar Liko Original HighBack Sling sem notað er með krosslögðum stuðningi fyrir fótleggi og Liko-herðatrjáa:

	Mini 220	Herðatré 350 <sup>4</sup>	Standard 450	Herðatré 450 <sup>2</sup>	Herðatré 600 <sup>5</sup>	Twin bar 670 <sup>3</sup>	Krosslá segls 450	Krosslá segls 670	Univ. SideBars + Universal 350	SideBars + Standard 450	Univ. SideBars + Universal 450
Original Highback Sling, XS	2	1	1	1	4	3	1	3	1	2	1
Original Highback Sling, S	2	1	1	1	3 <sup>1</sup>	3	1	3	1	2	1
Original Highback Sling, MS	3	2	1	1	3 <sup>1</sup>	2	1	1	1	2	1
Original Highback Sling, M	3	2	1	1	3 <sup>1</sup>	1	1	1	1	1	1
Original Highback Sling, L	3	3	1	1	3 <sup>1</sup>	1	2	1	1	1	1
Original Highback Sling, XL	4	3	2	1	3 <sup>1</sup>	1	2	1	2	1	1
Original Highback Sling, XXL	4	4	4	3	3 <sup>1</sup>	2	4	1	4	2	2

<sup>1</sup> Kann að valda ótímabæru sliti á seglinu.

<sup>2</sup> Herðatré 450 tengist Universal SlingBar 450, vörunr. 3156075, 3156085 og 3156095 og einnig SlingGuard 450, vörunr. 3308020 and 3308520.

<sup>3</sup> Twin bars 670 tengjast Universal TwinBar 670, vörunr. 3156077 og 3156087 og einnig SlingGuard 670 Twin, vörunr. 3308040 og 3308540.

<sup>4</sup> Herðatré 350 tengist Universal SlingBar 350, vörunr. 3156074, 3156084 og 3156094 og einnig SlingGuard 350, vörunr. 3308010 and 3308510.

<sup>5</sup> Herðatré 600 tengist Universal SlingBar 600, vörunr. 3156076 og 3156086 og einnig SlingGuard 600, vörunr. 3308030 and 3308530.


**Útskýringar:** 1 = Ráðlagt, 2 = Kann að virka, 3 = Ekki ráðlegt, 4 = Óviðeigandi

## Aðrar samsetningar

Samsetning fylgihluta/vara annarra en þeirra sem Liko ráðleggur getur leitt til öryggisáhættu fyrir sjúklinginn.



[www.hillrom.com](http://www.hillrom.com)

 Liko AB  
Nedre vägen 100  
975 92 Luleå, Sweden  
+46 (0)920 474700

Liko AB is a subsidiary of Hill-Rom Holdings inc.

Enhancing outcomes for  
patients and their caregivers:

